

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Seljalandshverfi, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 28. apríl 2011 var samþykkt deiliskipulag í Seljalandshverfi, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Skipulagssvæðið er um 12 ha að stærð og liggur suður af Seljalandsmúla í mynni Tungudals, norðan Tunguár. Svæðið er í 15-100 m.y.s. og hallar til suð-suðausturs. Svæðið er fyrst og fremst ætlað fyrir íbúðarbyggð, en að auki er gert ráð fyrir stöku sumar- og veituhúsum. Gert er ráð fyrir þéttingu og stækkun þeirrar íbúðarbyggðar sem er á svæðinu, með 19 nýjum lóðum fyrir jafnmargar íbúðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 28. júní 2011.*

**Jóhann B. Helgason,**  
sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2011